

Minnisblað

2005370 Krýsuvíkirkirkja, land, gjöf

Til: Bæjarráðs

Frá: Sigríði Kristinsdóttur sviðsstjóra stjórnsýslusviðs og bæjarlögmanni

29. júní 2020

I.

Erindi hefur borist frá Ríkiseignum fyrir hönd ríkissjóðs Íslands um að ríkið gefi lóð Krýsuvíkirkirkju aftur til Hafnarfjarðarkaupstaðar. Ástæða erindisins er að kirkjan sjálf er ekki lengur í eigu Þjóðminjasafnsins heldur Vínafélags Krýsuvíkirkirkju sem hefur séð um endurbyggingu hennar eftir að hún gjöreyðilagðist í eldi. Ekki er því talið rétt að ríkið haldi áfram eignarhaldi yfir lóðinni sem var gjöf Hafnarfjarðarkaupstaðar til Þjóðminjasafnsins á sínum tíma. Gjöf á lóðinni til baka til Hafnarfjarðarkaupstaðar er á fjárlögum.

II.

Árið 1964 gaf bæjarstjórn Hafnarfjarðar Þjóðminjasafninu Krýsuvíkirkirkju ásamt kirkjugarði og öðrum mannvirkjum tilheyrandi staðnum ásamt landsspildu umhverfis kirkjuna samtals að stærð 7096,6 m².

Kirkja brann árið 2010, hún var þá í eigu ríkissjóðs Íslands og í umsjá Þjóðminjasafnsins. Kirkjan var brunatryggð með venjubundnum skilmálum um að vátryggingarbætur fengjust ekki greiddar nema til endurbyggingar kæmi. Vínafélag Krýsuvíkirkirkju var stofnað strax eftir brunann og gaf Þjóðminjasafnið félaginu tryggingabæturnar til að kosta efni í endurbygginguna. Samið var við lðnskóla Hafnarfjarðar / Tækniskólann um að nemar þar og kennarar gæfu vinnuframlag til endurbyggingarinnar.

22. júní s. l. var verklokum og endursmíði Krýsuvíkirkirkju fagnað við hátíðlega athöfn í Tækniskólanum að Flatahrauni. Í sumar er stefnt að því að flytja kirkjuna á sinn rétta stað og hún verði vígð og afhent Hafnarfjarðarkirkju sem mun eiga og reka hana eftir það. Þá verður Vínafélag Krýsuvíkirkirkju lagt niður enda verður þá eini tilgangur þess að endurgera kirkjuna lokið.

Hafnarfjarðarkaupstaður mun gera lóðarleigusamning við Hafnarfjarðarkirkju um lóð umhverfis kirkjuna sambærilegan og gerður er við aðrar kirkjur þar sem sveitarfélagið er eigandi.